

Heilsuleikskólinn Urðarhóll

Skólanámskrá



September 2018
Sigrún Hulda Jónsdóttir, leikskólastjóri

Inngangur

Námskrá Heilsuleiksskólans Urðarhóls byggir á Aðalnámskra leikskóla frá 2011, lögum um leikskóla nr. 90/2008, námskrá leikskóla Kópavogs og reglugerðum fyrir leikskóla.

Skólanámskrá fjallar um þau gildi sem starf leiksskólans byggist á og þá hugmyndafræði sem tekið er mið af. Í skólanámskrá eiga einnig að koma fram þær áherslur og leiðir sem leiksskólinn hefur ákveðið að fara í samskiptum við börn, starfsfólk, foreldra og nærsamfélagið.

Tilgangur skólanámskrár er:

- Að skipuleggja uppeldi og nám barna
- Að stuðla að skilvirkara starfi
- Að gera leikskólastarfið sýnilegra

Leikskólastarf og leikskólauppeldi byggir á sérstökum uppeldisaðferðum og sérstakri hugmyndafræði.

Þeir sem vinna að leikskólauppeldi sækja hugmyndir til kenninga, rita og rannsókna ýmissa fræðimanna um það hvernig börn læra og þroskast.

Uppeldi og menntun leikskólabarna er samvinnuverkefni allra kennara í leikskóla þar sem velferð og hagur barna á að vera leiðarljós í öllu starfi. Veita á börnum menntun og umönnun búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði.


Nám í leikskóla er samþætt og fer fram í leik, umönnun, samskiptum, skapandi starfi og hugsun þar sem hverju barni er mætt þar sem það er stítt í námi og þroska.

Í leikskólum nota leikskólakennarar öll tækifæri sem gefast til að örva nám barna. Umönnun er stór hluti af leikskólastarfinu og er fólgin í því að annast börnin líkamlega og andlega af hlýju, áhuga og ábyrgðarkennd. Með slíkri umönnun skapast tilfinningatengsl og trúnaðartraust. Starfshættir leikskóla mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi(gildum) og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Starf Heilsuleiksskólans Urðarhóls byggir á

- [lögum um leikskóla](#),
- [aðalnámskrá leikskóla](#),
- [reglugerð um starfsumhverfi leikskóla](#),
- aldursskiptum námskrám leikskóla Kópavogs, ([1 – 2ja ára](#), [3 – 4 ára](#), [5 ára börn](#))
- samþykktum bæjaryfirvalda, [Stefnu og framtíðarsýn](#)
- ýmsum stefnumótandi samþykktum - [jafnréttisstefnu](#), [umhverfisstefnu](#), [stefnu gegn einelti](#), [forvarnarstefnu Kópavogs](#).
- Viðmiðum [Heilsuleiksskóla](#)

Leikskólaperlan



Leikskólaperlan er líkan af margþættu námi barnsins í leikskólanum.

Í leikskólaperlunni er barnið í brennidepli því allt leikskólastarfið snýst um barnið, sá flötur er gulur þ.e. litur sólarinnar. Þeir þættir sem næst barninu eru og unnið er með í daglegu lífi þess í leikskólanum eru : Að klæða sig í og úr, borðhald, svefn og hvíla, hreinlæti, frágangur og snyrtimennska. Litur þeirra er appelsínugulur - tákn sambættingar á námi og lífi barns. Námsvið leikskólans koma næst: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning. Litur þeirra er rauður, þ.e. glóðin sem í leikskólastarfinu býr og er uppspretta sambættis og skapandi leikskólastarfs.

Grunnþættir menntunar eins og þeir birtast í sameiginlegum kafla aðalnámskrár fyrir öll skólastig koma í ysta hring. Litur þeirra er grænn, tákn jarðarinnar, grunnurinn sem allt skólastarf byggist á; Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

Leikurinn umlykur barnið í öllu starfi þess og námi. Grunnlitur perlunnar er ljósblár, þ.e. litur vatnsins. Í því rými flýtur allt það sem tengir hina fjölbreyttu þætti leikskólastarfsins saman, þ.e. sambætting. Leikurinn gárar vatnið og kemur öllu á hreyfingu. Grunnurinn af Perlunni er unnin af Hrafnhildi Sigurðardóttur, en uppfærð af Sesselju Hauksdóttur í samræmi við lög um leikskóla nr. 90/2008 og aðalnámskrá leikskóla 2011.

Stefna skólans

Saga skólans

Árið 1995 var leikskólinn Skólatröð við Skólatröð opnaður. Unnur Stefánsdóttir (1951 – 2011) fyrrum leikskólastjóri hafði frá barnsaldri lagt stund á íþróttir og leit svo á að íþróttaiðkun ásamt hollu mataræði skipti miklu máli fyrir vellíðan og árangur bæði barna og fullorðinna í námi og starfi.

Strax á fyrstu vikum skólastarfsins ákváðu skólastjóri og kennarar að markmið skólans yrði: að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik. Var ákveðið að byggja starf skólans á þessum markmiðum og gera hugmynd Unnar og kennara hennar um heilsuleikskóla að veruleika. Á sama tíma veitti Heilbrigðisráðuneytið og Landlæknissembættið skólanum fjárstyrk til að þróa hugmyndir Unnar. Styrkurinn var veittur í nafni heilsueflingar sem hefur það hlutverk að veita faglega ráðgjöf við útbreiðslu hollra lífshátta. Hófst þá vinna við gerð Heilsubókar barnsins og hefur hún verið notuð síðan. Heilsuleikskólinn Urðarhóll hefur frá upphafi verið umhverfisvænn skóli með því að leggja megin áherslu á að flokka sorp. Árið 2010 stigum við það skref að gerast Skóli á grænni grein og fengum Grænfánann afhentan frá Landvernd 19. okt 2012. Áherslan var á flokkun sorps og lýðheilsu og næstu skref eru að huga að orkunotkun og átthöfum.

Guðlaug Sjöfn Jónsdóttir, leikskólakennari, hannaði merki Heilsuleikskólans Urðarhóls. Tákni hans er: Heildin samofin, þrenning hreyfing, næring, sköpun. Einstaklingurinn í brennidepli stefnir upp á við.

Heilsuleikskólinn Skólatröð er fyrsti heilsuleikskólinn á Íslandi og það var þáverandi heilbrigðisráðherra, Ingibjörg Pálmadóttir, sem vígði skólann þann 1. september 1996.

Skólatröð var opnuð 1995 og er fyrir 26 börn, Stubbasel kom inn í reksturinn 1997 og er fyrir 19 börn og Urðarhóll opnaði árið 2000 fyrir 90 börn.

Heilsustefna Unnar Stefánsdóttur

Í Urðarhóli er unnið eftir Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur. Heilsustefnan byggir á að auka megi vellíðan barnanna með hollum mat, hreyfingu og útiveru. Einnig að sköpun sé góð aðferð til að fá útrás fyrir tilfinningar sínar, með söng, leiklist, dansi og fá að skapa óhindrað úr verðlausum efniviði. Áhersla er lögð á að hafa sem minnst af viðbótar fitu, sykri og salti í matnum, mikilvægi fæðuhringsins er höfð að leiðarljósi við gerð matseðla og matarhefðir í hávegum hafðar.

Í hreyfiþættinum er lögð áhersla á að auka jafnvægi, samhæfingu, kraft og þor. Lögð er áhersla á listsköpun til að örva tjáningu, auka hugmyndaflug og sköpunargleði. Einnig kynnast mismunandi efniviði, handfjatla hann og skynja fegurð í umhverfinu. Í starfi skólans er reynt að hafa einfaldleikann í fyrirrími og að njóta líðandi stundar.

Allt er þó með ákveðnu skipulagi, sem sveigt er til, ef það má verða til þess að auka gleði og vellíðan. Auk þeirra þriggja þátta sem fyrr er greint frá, er lögð áhersla á að hvíld, slökun og svefnþörf barnanna sé fullnægt í skólanum. Áhersluþættirnir þrír eru alltaf til staðar í hugsun og vinnu kennaranna [sjá Heilsustefnan](#)

Markmið og áherslur skólans

Að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og sköpun.

Leikskólinn er fyrsta stig skólakerfisins og upphaf formlegrar menntunar einstaklingsins. Leikskólaaldurinn er mikilægur tími náms og þroska. Í samstarfi við foreldra á leikskólinn að kappkosta að veita öllum börnum tækifæri til að njóta bernsku sinnar ásamt því að stuðla að öryggi þeirra og vellíðan. Leggja ber áherslu á styrkleika barna og hæfni og að litið sé á þau sem fullgilda þátttakendur í samfélagi leikskólans. Í leikskólastarfi mynda hugtökin menntun, uppeldi og umönnun eina heild þar sem börnum er sýnd virðing og umhyggja.

Leikurinn

Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins, hann er kennsluáðferð leikskólakennarans og námsleið barnsins. Í bernsku er það að leika sér það sama og að læra og afla sér þekkingar. Hinn frjálsi og sjálfsprottni leikur barnsins er talinn „leikur leikjanna“. Í frjálsum leik er barnið að skapa leikinn úr eigin hugarheimi, það tekur ákvarðanir á eigin forsendu og lærir að leita lausna. Í leik er barnið einbeitt og það er upptekið af augnablikinu. Fjölbætt upplifun elur af sér þekkingu, nýjar tilfinningar, athafnir og leikni.

Sköpunarþörf, virkni og hugmyndaflug barna birtist í leikjum þeirra. Í leikjum fá börnin hreyfiþörf sinni fullnægt og þau þjálfu hreyfingar sínar og líkamsstjórn. Í þykjustu og hlutverkaleikjum og öðrum samleikjum lærist börnum nauðsyn þess að vinna saman og taka tillit hvert til annars á jafnréttisgrundvelli. Í leik öðlast börnin samkennd og vináttu. Í skipulögðum leikjum og regluleikjum læra þau einfaldar samskiptareglur og að virða rétt annarra, slíkum leikjum vaknar og þróast lýðræðisvitund þeirra.

Hugmyndafræði Urðarhóls varðandi leikinn er sú að hinn sjálfsprottni leikur fái rúman tíma jafnt inni sem úti. Inni velja börnin sér svæði og verkefni sem tengjast ákveðnu svæði og taka þá ábyrgð á eigin vali. Tímalengd leikjanna helgast af aldri barnanna. Hinn fullorðni er nálægur og tekur gjarnan þátt í leiknum eftir því sem við á.

Í frjálsa leiknum blómstrar hlutverka og ímyndunarleikurinn. Hann er flókið ferli, þar sem börnin takast á við eigin tilfinningar og annarra. Þau vinna úr eigin reynslu og læra að setja sig í spor annarra. Börn spinna og geta látið draumana rætast. Í sköpunar- og byggingarleikjum skapa börnin frjálst með aðstoð fullorðinna. Þar læra þau samskipti, form, stærðir og mikið af hugtökum, sem tengjast eðlis- og stærðfræði. Í regluleikjum þar sem farið er að fyrirmælum reynir mikið á samskipti, rökhugsun og úthald. Félagssleg færni þjálfast í gegnum samskipti og samvinnu í frjálsum leik, hópastarfi og regluleikjum. Þar þjálfu þau upp færni við að færa rök fyrir hugmyndum sínum og skoðunum. Læra að skiptast á læra að vinna og tapa. Samgleðjast vinum sínum og takast á við tilfinningar. Þar þróast siðferðiskennd.

Samskipti – agi

Á fyrsta skólastigi er barnið að læra samskipti, að þekkja tilfinningar sínar og koma orðum að hugsunum og gjörðum. Barnið er einnig að þroska siðferðiskennd sína og öðlast færni til að grein mun á réttu og röngu.

Hinn fullorðni er fyrirmynd bæði í orði og verki. Leggja ber áherslu á samskipti sem fela í sér virðingu fyrir barninu ásamt því að veita því öryggi.

Í skólanum er lögð áhersla á uppbyggjandi samskipti sem ýta undir sjálfstæði barnsins, vellíðan og öryggi þess.

Í leikskólanum er lögð áhersla á að börnin læri að bera virðingu og umhyggju fyrir öðru fólki, þrói með sér samkennd, tillitsemi, vináttu og að börnin séu með jákvæða sjálfsmýnd með því að virða sérstöðu og sjónarmið hvers og eins. Börnin eiga að fá tækifæri á að vinna sjálfstætt sýni frumkvæði og taki ábyrgð á sjálfum sér.

Næring

Hollt fæði er grunnur að almennri heilsu einstaklingsins s.s. líkamlegri og andlegri vellíðan, þroska, ónæmi og frammistöðu alla ævi. Í æsku er hollt fæði sérstaklega mikilvægt vegna þess að á þessu tímasteiði fer fram mesti vöxtur og þroski ævinnar. Gæta þarf þess að börnin neyti fjölbreyttar fæðu og nægilegs vökva. Auk þess er lögð áhersla á að nota sem minnst viðbættri fitu, sykri og salti sbr. [Ráðleggingar Manneldisráðs](#).

Hreyfing

Í hreyfipættinum er lögð áhersla á að auka samhæfingu, jafnvægi, kraft og þor. Auk þess að efla vitneskju um líkamann, styrkja sjálfsmýnd, stuðla að betri hreyfifærni, auðvelda samskipti og læra hugtök.

Sköpun

Barn hefur mikla þörf fyrir að skapa og er að skapa allar stundir í leik sínum. Það að vinna á eigin forsendum og með þann efnivið sem það kys hverju sinni gefur barni færi á að þroska alla hæfileika sína. Skapandi starf eflir gagnrýna hugsun barna, þjálfar rökhugsun og eflir skynjun barns og næmi fyrir umhverfinu.

Umhverfisvernd

Umhverfisstefna Urðarhóls fléttast inn í daglega starfið og er hinn fullorðni ávallt fyrirmyndin. Þegar kennarar hafa tileinkað sér umhverfisstefnuna verða til ákveðin vinnubrögð sem verða sjálfsögð og skapa samkennd með kennurum. Með ábyrgri umgengni og virðingu fyrir náttúrunni og umhverfinu. Með flokkun og endurnýtingu fer fram mikið fræðslustarf. Þar læra börnin að tileinka sér nýja hugsun sem síðar verður þeim eðlileg og sjálfsögð. Með því að hafa ávallt umhverfisstefnu skólans í huga þegar innkaup eru gerð sparast tími og peningar. [Sjá skýrslu](#)

Daglegt líf í skólanum

Daglegt líf í leikskóla

Venjubundnar athafnir daglega lífsins í leikskólanum mótast af andlegum og líkamlegum þörfum barnanna. Markmiðið er að börnin verði sjálfstæð og sjálfbjarga. Líkamleg umönnun og heilsuvernd stuðlar að almennri vellíðan barnsins. Nærvera leikskólakennarans við barnið í leik og starfi gefur dvöl þess í leikskólanum dýpra gildi. Í leikskólanum fer fram kennsla og uppeldi sem er viðbót við það sem foreldrar veita börnum sínum. Til þess að samræmi verði í uppeldistarfinu er traust samstarf foreldra og kennara mikilvægt. Leikskólinn er fyrsta skólástig barnsins. Kennarar skólans vinna jafnan að endurskoðun námsframboða til að gefa börnunum kost á nægilega krefjandi verkefnum og styðja við nám barnsins.

Dagskipulag

Leikskólinn fylgir dagskipulagi sem þó er sveigjanlegt, það er sniðið að þörfum barnanna, þroska þeirra og aldri.

7:30 Leikskólinn opnaður/rólegheit í frjálsumleik

Börnin fara með sínum kennara inn á deild, skipulagt- og skapandi starf hreyfing, hópavinna frjálisleikur

Ávaxta- og grænmetishressing, skipulagt- og skapandi starf hreyfing, hópavinna frjálisleiku skipulagt- og skapandi starf hreyfing, hópavinna frjálisleikur

Hádegisverður samverustund, skipulagt- og skapandi starf hreyfing, hópavinna frjálisleikur

Síðdegishressing/nónhressing Samverustund, skipulagt- og skapandi starf hreyfing, hópavinna frjálisleikur

16:00 Deildir leikskólans sameinast í leik úti eða inni

16:30 Leikskólanum lokað.

Að koma og fara

Lögð er áhersla á að taka vel á móti hverju barni svo það finni sig velkomið í leikskólann. Barnið þarf að upplifa öryggi og það viðmót sem það mætir getur haft úrslitapýðingu varðandi góð samskipti og tengsl.

Nauðsynlegt er að foreldrar hafi samband við kennarar bæði þegar barnið kemur og einnig þegar það er sótt til að tryggja yfirsýn kennara um fjölda barna á hverri deild. Ef barnið er upptekið í leik eða stafi þarf að gefa því tíma til að ganga frá og kveðja. Foreldrum ber að virða þann dvalartíma sem samið hefur verið um.

Að klæða sig í og úr

Í fataherbergi fer fram mikið uppeldis- og kennslustarf. Börnin klæða sig að mestu sjálf í og úr, en fá þá hjálp sem þau þarfnast. Þetta eykur sjálfstæði þeirra og styrkir sjálfsmynd. Vel er fylgst með að klæðnaður barnanna sé í samræmi við veður.

Svefn og hvíld

Hvíld er afar mikilvæg í leikskóla. Börn eins til þriggja ára fá að sofa eins lengi og þau þarfnast, þriggja til fimm ára fá sína hvíld eða slökun í tengslum við hádegisverð. Lögð er áhersla á að skapa rólegt og þægilegt andrúmsloft í hvíldinni.

Hreinlæti

Hreinlæti er mikilvægur þáttur í daglegu lífi barnanna. Lögð er áhersla á handþvott eftir að þau hafa farið á salerni. Börnin eru hvött til þess að fara reglulega á salerni t.d. fyrir útiveru og matmálstíma. Yngstu börnin í leikskólanum eru að læra að halda sér hreinum og þurrum.

Mikilvægt er að gæta þess að sá ferill gangi vel og jákvætt fyrir sig. Reynt er að gæta hreinlætis í hvívetna, ekki síst með tilliti til smíthættu. Börn þurfa ætíð af hafa aukafatnað að heiman því ávallt geta "óhöpp" hent, óháð aldri og þroska.

Frágangur og snyrtimennska

Lögð er áhersla á að leikföng og efniviður séu aðgengileg og að barnið læri að ganga fá og bera virðing fyrir leikefni og fatnaði sínum og annarra.

Aðlögun

Að byrja í leikskóla er ný reynsla fyrir barnið og foreldra þess. Allt er framandi og ókunnugt og því er mikilvægt að vel sé staðið að aðlögun frá upphafi. Nýir foreldrar fá sendan tölvupóst með upplýsingum um skólann, aðlögunarferli og atriði sem gott er að hafa í huga þegar barn byrjar í leikskóla. Foreldrar fá einnig fundarboð á kynningarfund hvernar deildar. Á þeim fundi er starfsemi skólans kynnt, foreldrar undirrita dvalarsamning og gefst tækifæri til að spyrja um aðlögunina og skólastarfið. Þetta er gert til að auka tengsl stjórnenda og kennara deildanna við foreldrahópinn. Aðlögunarferlið er kallað þátttökuaðlögun þar sem foreldrar eru í þrjá daga frá kl 9:00 – kl 14:00 með barninu og taka þátt í starfinu með barninu sínu. Á öðrum degi er foreldrum boðið á fund með stjórnendum skólans þar sem farið er yfir heilsubók barnsins ásamt áherslum í starfi skólans. Þar gefst einnig tækifæri til að ræða um uppeldisstarfið almennt.

Sambætt og skapandi leikskólastarf

Börn læra í gegnum leik og daglegt starf innan dyra sem utan. Þau læra í samvinnu við önnur börn og þegar þau fá stuðning og hvatningu frá kennurum. Námsviðin eru sambætt og samofin öllu starfi leikskólans.

Læsi og samskipti

Börn eru félagsverur sem nota ýmsar aðferðir til að tjá sig og eiga samskipti við annað fólk. Læsi í víðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi í leikskóla felur í sér að búa yfir þekkingu og leikni til að skynja, skilja, túlka, gagnrýna og miðla. Með texta er hér átt við talmál, myndmál, ritmál, tölur og önnur kerfi tákna. Það hjálpar börnum að lesa í umhverfið sitt og nota tungumálið á fjölbreyttan hátt. Greina má læsi og samskipti í sambættu námi barnsins, [sjá nánar](#)

Heilbrigði og vellíðan

Í leikskóla læra börn um hollt mataræði, hvíld, hreinlæti, hreyfingu og að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl. Hreyfing er börnum eðlislæg og stuðlar að vellíðan. Hreyfing hefur í för með sér gleði og ánægju og í gegnum hana læra börn að takast á við daglegt líf og nýjar aðstæður.

Umhyggja skipar stóran sess í starfi leikskóla og mikilvægt er að mynda góð og nán tengsl við börnin. Greina má heilbrigði og vellíðan í sambættu námi barnsins, [sjá nánar](#)

Sjálfbærni og vísindi

Markmið sjálfbærni er að börn og starfsfólk geri sér grein fyrir því að þau vistspor sem sérhver einstaklingur skilur eftir sig skiptir máli, í nútíð og um alla framtíð. Lýðheilsa þar sem hver einstaklingur ber ábyrgð á sjálfum sér og sinni heilsu er hluti sjálfbærni.

Leikskólakennurum ber að ýta undir forvitni, ígrundun og vangaveltur barna. Jafnframt ber að ýta undir vísindalega hugsun og aðstoða börn við að sjá tengsl, orsök og afleiðingu og styrkja

skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum. Greina má sjálfbærni og vísindi í samþættu námi barnsins, [sjá nánar](#)

Sköpun og menning

Barnamenning er samofin öllu starfi leikskóla og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Sköpun í leikskóla á fyrst og fremst að beinast að sköpunarferlinu, gleðinni, tjáningunni, könnuninni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín.

Hlutverk leikskólakennara felst m.a. í því að velja leiðir sem hvetja til sjálfstæðra vinnubragða og skapandi hugsunar og gera barninu kleift að nálgast efnið frá mörgum hliðum. Greina má sköpun og menningu í samþættu námi barnsins, [sjá nánar](#)

Mat á námi og velferð barna

Leikskólar Kópavogs þróa fjölbreyttar aðferðir við mat á vellíðan og námi barna. Mat á að beina sjónum að áhuga barna, getu þeirra hæfni og styrk sem þau sýna á ólíkan hátt. Börn sýna getu, þekkingu, hæfni og áhuga á ólíkan hátt. Mat á að vera einstaklingsmiðað og til þess gert að efla hvert barn. Á grundvelli matsins skal veita hverju og einu barni námstækifæri og stuðning við hæfi svo að þau geti tekið virkan þátt í leik og starfi.

Mat á vellíðan og námi barna felur í sér að safnað er fjölbreyttum upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á. Forðast skal að nota mat í þeim tilgangi að bera saman hæfni barna á afmörkuðum sviðum, flokka þau eftir getu eða leita eftir því sem þau geta ekki.

Heilsubók barnsins

Heilsubók barnsins er veigamikill þáttur í leikskólastarfinu og var samin og þróuð af kennurum skólans. Í Heilsubók barnsins eru skráðar ýmsar upplýsingar um barnið, hæð og þyngd, heilsufar, (fjarvera vegna veikinda), næring og svefn, lífsleikni, hreyfing og sköpun. Bókin er trúnaðarmál og er eign barnsins í lok skólagöngu. Tvisvar á ári þ.e. haust og vor er skráð í Heilsubókina. Einu sinni á ári er foreldrasamtal við kennara, oftast ef þörf krefur, sem skýrir þeim frá stöðu barnsins í viðkomandi þáttum. [Sjá áhersluathriði Heilsustefnunar](#)

Hljóm 2 er stöðluð athugun á hljóðkerfisvitund barna. Sérkennslustjóri sér um að leggja athugunina fyrir elstu börnin á haustin og er athugun endurtekin að vori hjá þeim börnum sem talið er að þurfi viðbótar örvun.

EFI-2 er málproskaskimun, sem kannar málskilning og tjáningarfærni barna á fjórða aldursári.

Fjölskyldan og leikskólinn

Í leikskólanum er lögð áhersla á að samstarf heimilis og skóla byggji á gagnkvæmum skilningi og virðingu fyrir viðhorfum og þekkingu hvors annars. Samstarf þetta byggir á þeirri forsendu að foreldrar beri meginábyrgð á uppeldi barna sinna. Mikilvægt er að þessir aðilar geti treyst hvor öðrum, deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir er varða börnin. Við skólann er starfandi [foreldraráð](#) og [foreldrafélag](#).

Tengsl skólastiga

Urðarhóll er í samstarf við Kársnes- og Kópavogsskóla til að styrkja að samfelld nám eigi sé stað milli leik- og grunnskóla. Tengsl leikskóla og grunnskóla er samstarfsverkefni barna, foreldra og kennara þar sem velferð, proski og menntun barnanna er í brennidepli.

Foreldrar eru mikilvægir tengiliðir milli skólastiga. Þeir miðla upplýsingum um börn sín og leikskólagöngu þeirra og eiga rétt á að fá vitneskju um þau gögn sem fylgja þeim úr leikskóla. Foreldrum er skylt að veita leikskólanum upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir skólastarfið og velferð barna. Þeir eiga rétt á aðgangi að upplýsingum um börn sem leikskólar varðveita. Þegar börn flytja milli leikskóla eða fara í grunnskóla skal leikskólastjóri sjá til þess að nauðsynlegar upplýsingar fylgi þeim með tryggum hætti.

Starfsáætlun

Leikskólinn gerir árlega starfsáætlun þar sem starfinu og faglegum áherslum á komandi starfsári er lýst. Í starfsáætlun er einnig umbótaáætlun sem byggð er á mati síðastliðins árs. Foreldraráði ber að vera umsagnaraðili starfsáætlunar og leikskólanefnd staðfestir hana. [Sjá starfsáætlun](#)

Mat á leikskólastarfi

Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Mat á skólastarfi er tvíþætt: Annarsvegar er um að ræða mat sem leikskólarnir framkvæma sjálfir og er kallað innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitafélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat.

Innra mat í leikskólum

Leikskólakennarar eru í lykilhlutverki við skipulagningu og framkvæmd innra mats.

Mikilvægt er að mat byggji á þátttöku og samvinnu kennara, foreldra og barna.

- Eccers kvarðinn er lagður fyrir starfsfólk deildanna annað hvert ár, þar sem verið er að meta faglegt starf og aðbúnað leikskólans
- Starfsmannakönnun er lögð fyrir fjórða hvert ár, þá metur starfsmaðurinn samskipti og samstarf í skólanum
- Börnin taka þátt í að meta skólastarfið. Matsblað er lagt fyrir 5 ára börn til að meta ákveðna þætti skólastarfsins. Matið er framkvæmt í mars ár hvert.
- Starfsmannasamtöl eru á hverju ári. Hver starfsmaður fær 30 til 45 mínútur. Stjórnendur taka viðtölin ár hvert.

Ytra mat í leikskóla

Leikskólanefnd Kópavogs hefur eftirlit með því að starfsemi leikskólans samræmist leikskólalögum, reglugerðum og Aðalnámskrá leikskóla. Leikskólafulltrúi í umboði leikskólanefndar ber ábyrgð á framkvæmd [ytra mats](#).

- Rafræn foreldrakönnun er lögð fyrir annað hvert ár.
- Rafræn starfsmannakönnun er lögð fyrir fjórða hvert ár þar sem metin eru störf deildastjóra, sérkennslustjóra, aðstoðarleikskólastjóra og leikskólastjóra.

Annað ytra mat er á ábyrgð rekstaraðila.

- Rekstaraskoðun á leikskólalóð fjórum sinnum á ári.
- Vinnueftirlit á tveggja ára fresti.
- Brunaeftirlit einu sinni á ári.
- Heilbrigðiseftirlit einu sinni á ári.